

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2018, mánudaginn 26. febrúar, var haldinn 73. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 13:37. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Skúli Helgason, Eva Baldursdóttir, Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson, Eva Einarsdóttir, Björn Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Gíslason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar J. Sandholt og Dagbjört Hákonardóttir. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga verkefnastjóra Hverfisins míns, dags. 23. febrúar 2018, ásamt fylgiskjölum:  
  
Lagt er til að uppfærð tímalína fyrir Hverfið mitt 2018 verði samþykkt. R18020097.  
  
Samþykkt.
2. Lögð fram að nýju drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar ,sbr. 2. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 30. október 2017, ásamt umsögnum fagraða, hverfisráða, öldungaráðs, fjölmeningaráðs og forsætisnefndar. R18010207.
3. Lögð fram samantekt á gögnum vegna væntanlegs vinnufundar með hverfisráðum. Samþykkt að halda vinnufund með fulltrúum hverfisráða þann 12. mars nk. Lagt verður fram upplegg um skipun í hverfisráð og hlutverk þeirra til vinnslu með hverfisráðum.
- Kl. 13:49 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.
4. Lagðar fram umsagnir skóla- og frístundasviðs, Reykjavíkurráðs ungmenna og SAMFOK vegna breytinga á aldursmörkum vegna kosninga í Hverfið mitt, dags. 22. febrúar 2018. R18010392.
5. Lögð fram umsagnarbeiðni borgarráðs til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 22. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir umsögn um stefnu um nýtingu upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg 2018-2022. R17020072.

### Fundi slitið kl. 13:59

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir  
Skúli Helgason  
Björn Gíslason

Eva Baldursdóttir  
Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir